

Samband íslenskra sveitarfélaga
b.t. Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Reykjanesbæ, 19. maí 2023

Tilkynning um niðurstöðu atkvæðagreiðslu félagsmanna Starfsmannafélags Suðurnesja um verkföll

Daganna 16. til 19. maí 2023 var haldin atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Starfsmannafélags Suðurnesja um boðun verkfalls hjá Reykjanesbæ. Niðurstaðan varð sú að **223** samþykktu verkfallsboðun af alls **240** greiddum atkvæðum. Þannig samþykktu **92,9%** félagsmanna verkfallsboðun. Þátttakan var **63%** eða **240** af alls **381** sem voru á kjörskrá.

Það tilkynnist hér með að vinnustöðvanir munu hefjast á miðnætti aðfaranótt 5. júní 2023 og verða sem hér segir:

Frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 til klukkan 23:59 miðvikudaginn 5. júní 2023 hjá félagsfólki sem starfar í ráðhúsi Reykjanesbæjar.

Ótímabundið frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 hjá félagsfólki sem starfar í sundlaugum og íþróttamiðstöðvum hjá Reykjanesbæ

Frá klukkan 00:00 mánudaginn 5. júní 2023 til klukkan 23:59 laugardaginn 17. júní 2023 hjá félagsfólki sem starfar í Umhverfismiðstöð hjá Reykjanesbæ.

Virðingarfyllst,
f.h. Starfsmannafélags Suðurnesja

Trausti Björgvinsson, formaður

Afrit sent: Ellisif Tinna Víðisdóttir og Reykjanesbær.